

Skólaráðsfundur GRV

Kl. 15:00 mánudagur 4. des 2017

Mættir voru: Erlingur, Helga Jóhanna, Ingunn, Andrea, Sigurlína, Ásdís, Kristín

**Leyfi/veikir: Sindri (nemandi), Leó (nemandi),
Ragnheiður Borgþórsd., Fríða Hrönn, Kolbrún Kjartansd., Hrefna Óskarsd.,
(Aðalmenn og varamenn voru boðaðir)**

Ritari: Ásdís Steinunn Tómasdóttir

1.mál

Kynning ráðsins og skipaður ritari.
Ásdís Steinunn býður sig fram sem ritara.

2.mál

Fyrirkomulag fundaritunar og fundartímar fyrir skólaárið kynntir.
Sami ritari áfram. Ákveðið að hafa tvo fundi fyrir áramót og tvo eftir áramót (tvo á hvorri önn). Skólastjóri sér um að boða til fundar með tölvupósti og óska eftir staðfestingu. Ábendingar um umræðuefni skal senda Erlingi í tölvupósti.

3.mál

Skóladagatal 2018-2019, kynning og umræða.
Kynning á tveim mismunandi útgáfum af skóladagatali fyrir næsta skólaár.
Meðlimir skólaráðs samþykkja val kennara (tillaga 3) og finnst nauðsynlegt að skóladagatal sé birt sem fyrst með tilliti til þess að foreldrar séu meðvitaðir um áætlað vetrarfrí. Einnig finnst okkur mikilvægt að forráðamenn leikskóla og framhaldsskólans geti haft þetta dagatal til hliðsjónar ef þeir vilja samræma til dæmis starfsdaga þessarar stofnanna.

4.mál

Heimasíða – Skólanámskrá -
Meðlimir skólaráðs verða búnir að kynna sér heimasíðu skólans, starfsáætlun, skólanámskrá sem og handbók skólaráðs Reykjavíkurborgar fyrir næsta fund. Okkur vantar aðila úr nærsamfélaginu. Ábendingum skal skilað til Erlings.

Fundi slitið klukkan 16:10.